

Fundargerð 103. fundar stjórnar SSNV, 6. febrúar 2024

Priðjudaginn 6. febrúar 2024, kom stjórn SSNV saman til fundar á Teams. Hófst fundurinn kl. 9.30.

Mætt voru: Guðmundur Haukur Jakobsson, Einar E. Einarsson, Vignir Sveinsson, Jóhanna Ey Harðardóttir, Magnús Magnússon og Katrín M. Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Framúrskarandi verkefni SSNV árið 2023
2. Endurnýjun sóknaráætlunar Norðurlands vestra
3. Starfsmannamál
4. Framlögð mál til kynningar
 - a. Fundargerðir
 - b. Umsagnir
5. Skýrsla framkvæmdastjóra

Afgreiðslur

1. Framúrskarandi verkefni SSNV árið 2023

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) veita árlega viðurkenningar fyrir framúrskarandi verkefni sem fram hafa farið á Norðurlandi vestra árið áður.

Góð yfirferð og umræða stjórnar á tillögum til framúrskarandi verkefna og tvo verkefni valinn sem vinningshafar ársins 2023. Eitt verkefni á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar og annað á verkefni á sviði menningar. Þetta er í fimmta sinn sem viðurkenningin verður veitt og er framkvæmdastjóra falið að afhenda verðlaunin í samstarfi við vinningshafa fyrriþrjár árs 2024. Stjórn fór einnig yfir og uppfærði reglur um framúrskarandi verkefni en þær voru síðast yfirfarnar árið 2021 af þáverandi stjórn.

2. Endurnýjun sóknaráætlunar Norðurlands vestra

Samningur um Sóknaráætlun landshlutans gilda til fimm ára, eða fyrir tímabilið 2020-2024. Í lok árs fellur nýgildandi Sóknaráætlun úr gildi. Endurnýjun sóknaráætlanasamninga er í vinnslu og áætlað er að þeir liggja fyrir síðari hluta árs. Stjórn fer yfir tillögur að vinnu við gerð Sóknaráætlunar Norðurlands vestra fyrir tímabilið 2025-2029 og felur framkvæmdastjóra að hefja vinnu samkvæmt samtali og ganga til samninga við ráðgjafa.

3. Starfsmannamál

Lögð fram uppsögn Ólafar Lovísu Jóhannsdóttir úr starfi ráðgjafa á sviði umhverfis og nýsköpunar. Stjórn þakkar Ólöfu Lovísu vel unnin störf í þágu umhverfismála og nýsköpunar í landshlutanum og óskar henni velfarnaðar í komandi verkefnum.

Framkvæmdastjóra falið að auglýsa starf verkefnastjóra og ganga frá ráðningu nýs starfsmanns.

4. Framlögð mál til kynningar

a. Fundargerðir

Stjórn SASS, 12. janúar 2024. [Fundargerðin.](#)

Stjórn SSNE, 5. janúar 2024. [Fundargerðin.](#)

Stjórn SSA, 19. janúar 2024. [Fundargerðin.](#)

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, 12. janúar 2024. [Fundargerðin.](#)

Stjórn SSH, 22. janúar 2024. [Fundargerðin.](#)

Stjórn SSH, 8. janúar 2024. [Fundargerðin.](#)

Stýrihópur Stjórnarráðs um byggðamál, 22. janúar 2024. [Fundargerðin.](#)

b. Umsagnir

[Frumvarp til laga um um breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum um stjórn fiskveiða \(veiðistjórn grásleppu\).](#) 521. mál. Umsagnarfrestur til 15. febrúar 2024.

Framkvæmdastjóra falið að skila inn umsögn.

Stjórn SSNV hvetur meirihluta atvinnuveganefndar alþingis til að falla frá frumvarpi um breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum um stjórn fiskveiða (veiðistjórn grásleppu). Meginmarkmið laga um fiskveiðistjórnun og nýtingu nytjastofna er að stuðla að sjálfbærri og hagkvæmri nýtingu fiskistofna sem leiði til traustrar atvinnu og byggðar í landinu. Kvótasetning á grásleppu mun frá fyrsta degi leiða til gríðarlegrar samþjöppunar á aflaheimildum og takmarka mjög til frambúðar nýliðun innan smábátaútgerðar. Sérstaða grásleppu umfram aðra nytjastofna er hversu staðbundin nýtingin er og hversu afgerandi áhrif hennar er á viðgang einstakra byggðarlaga. Alþingi hefur sett fram markmið m.a. í Byggðaáætlun um jákvæða byggðaþróun um land allt og því er mikilvægt að koma í veg fyrir að breytingar á lögum um stjórn fiskveiða vinni beinlínis gegn settum markmiðum í byggðamálum.

[Tillaga til þingsályktunar um um gjaldtöku vegna nýtingar á vindi, sameiginlegri auðlind þjóðarinnar, til raforkuframleiðslu.](#) 18. mál. Umsagnarfrestur til 15. febrúar 2024.

[Frumvarp til laga um breytingu á lögum um lax og silungsveiði og lögum um Hafrannsóknastofnun, rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna \(framkvæmd stjórnarsýslu og eftirlits\).](#) x. mál. Umsagnarfrestur til 20. febrúar 2024.

5. Skýrsla framkvæmdastjóra

Fréttir af starfseminni og staða verkefna.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 11:00.

Guðmundur Haukur Jakobsson, Einar E. Einarsson, Vignir Sveinsson, Magnús Magnússon, Jóhanna Ey Harðardóttir, Katrín M. Guðjónsdóttir.